

Fréttabréf



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance

2. tölublað 2024



Ekkert barn útundan!

Við sendum þér 3.500 kr. valgreiðslu í heimabankann
svo þú eigir kost á að hjálpa þeim sem þurfa á því að halda.



Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri, á góðri stundu í vinnuferð í þorpinu TA Makhwira í Malaví.

Ég hef sagt frá því áður þegar ég var á ferð í verkefni okkar í Malaví fyrir mörgum árum síðan og spurði stúlku að því hvenær hún hafi byrjað í skóla að svar hennar var: „Ég byrjaði í skóla þegar brunnurinn kom.“

Þetta stutta en merkingarhlaðna svar felur í sér að hindrunin fyrir hennar skólagöngu var sú að um langt skeið þurfti hún á hverjum morgni að sækja neysluvatn fyrir fjölskyldu sína. Það var þó ekki eins einfalt og það hljómar því til að komast að vatnsbóli þorpsbúa þurfti hún að ganga í tvær klukkustundir – og svo til baka sömu leið með sligandi þungan vatnsbrúsann. Þetta var á skólatíma. Þegar brunnur var grafinn og tók að gefa þorpsbúum vatn, þá hófst skólaganga þessarar stúlku sem er mér svo eftirminnileg.

Sem betur fer er ekki skortur á vatni á Íslandi og það er ekki á ábyrgð barna að sinna þeim verkum sem varða frumþarfir fjölskyldunnar í daglegu lífi. En hvaða hindranir geta mætt börnum í skólagöngu þeirra á Íslandi?

” Foreldrar fjölmargra barna og unglunga yngri en 18 ára fengu styrk til að gera börnum þeirra mögulegt að stunda íþróttir, listnám og tómskundastarf með jafnöldrum sínum.

Ein stærsta hindrunin, ef þá ekki sú stærsta, er fátækt barnafjölskyldna. Það er ljóst að það eru einstæðir foreldrar, örorkulífeyrisþegar og innflytjendur sem verst standa þegar kemur að fátækt á Íslandi. Hækkandi verðlag og ógnar hár húsnæðiskostnaður hittir þennan hóp sérstaklega illa fyrir. Í skýrslu forsætisráðherra sem kom út í júní 2023 undir heitinu Fátækt og áætlaður samfélagslegur kostnaður, kemur meðal annars fram að um 9.000 börn hafi tilheyrð fjölskyldum sem töldust undir lágtekjumörkum árið

2020 en alls reiknast 47.795 einstaklingar undir nefndum mörkum þegar tekið hefur verið tillit húsnæðisstuðnings og barnabóta. Niðurstöður skýrslunnar eru í öllum aðal atriðum staðfesting á því sem starfsfólk Hjálparstarfsins upplifir í sínum störfum dag frá degi.

Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör hafa mörg undanfarin ár leitað stuðnings hjá Hjálparstarfi kirkjunnar við að útbúa börnin í skólann. Haustið 2023 studdi Hjálparstarfið foreldri um 250 grunnskólabarna með skólatöskur, ritföng og nestisbox í upphafi skólaárs. Foreldrar fjölmargra barna og unglunga yngri en 18 ára fengu styrk til að gera börnum þeirra mögulegt að stunda íþróttir, listnám og tómskundastarf með jafnöldrum sínum. Margar fjölskyldur fengu einnig stuðning sem fólst í hlýjum vetrarfatnaði og íþróttabúnaði. Framtíðarsjóður er sérstakur sjóður Hjálparstarfs kirkjunnar sem notaður er til að styrkja ungmenni til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að láns hæfu námi. Sjóðurinn hefur verið til frá árinu 2006 en markmiðið með styrkveitingu úr honum er að rjúfa vítahring stuttrar skólagöngu, lágra launa og fátæktar. Á starfsárinu fengu tugir ungmenna styrk úr sjóðnum til greiðslu skólagjalda og fyrir bóka- og efniskostnaði.

Nú er haustsöfnun Hjálparstarfsins í gangi til að aðstoða efnaminni foreldra á Íslandi í upphafi komandi skólaárs. Við höfum því sent valgreiðslu í heimabanka landsmanna um 3.500 króna framlag. Einnig er hægt að leggja inn á reikning Hjálparstarfsins: 0334-26-27, kt. 450670-0499.

Styðjum söfnunina, skiljum ekkert barn útundan, tryggjum öllum börnum jöfn tækifæri til náms.

Takk fyrir stuðninginn.

Bjarni Gíslason

framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



Hundruð barna fengu aðstoð við upphaf skólastarfs

Í fyrrahaust fengu fjölskyldur 294 barna stuðning frá Hjálparstarfinu við upphaf skólastarfs.

Á hverju hausti leita fjölmargar barnafjölskyldur til Hjálparstarfs kirkjunnar þegar skólastarf er við það að hefjast. Ástæðan er einföld og ávallt sú sama. Þau sem minnst hafa handa á milli þurfa aðstoð við að útvega börnum sínum það sem öll börn þurfa þegar skólar hefjast; góða skólatösku, fatnað, ritföng og fleira. Í fyrrahaust leituðu 124 fjölskyldur til Hjálparstarfsins við upphaf skólastarfs og börnin sem fengu aðstoð voru 294 talsins.

Þróun efnahagsmála undanfarin ár hefur haft sérstaklega neikvæð áhrif á afkomu þeirra sem fyrir stóðu höllum fæti í samfélaginu. Umsóknum til Hjálparstarfsins frá fjölskyldum í fjárhagslegum erfiðleikum hefur fjölgað og oftast er ekki er byrði húsnæðiskostnaðar um að kenna, sem er reyndar gömul saga og ný. Slik staða bitnar á þeim sem síst skyldi en börn eru stór hluti þeirra sem njóta góðs af þeirri aðstoð sem Hjálparstarfið getur veitt.

Bjallan hringir inn

Skólastarf er að hefjast og nú í ágúst leggur Hjálparstarfið því sérstaka áherslu á að aðstoða efnalítla foreldra í upphafi skólaárs til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun barna. Foreldrar fá þá aðstoð svo börnin geti stundað íþróttir og tómstundastarf með jafnöldrum sínum – óháð efnahag. Börnin fá einnig vetrarfatnað, íþróttfatnað og -töskur, ritföng til að nota heima við, nestisbox og skólatösku.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi sem hefur umsjón með innanlandsstarfi Hjálparstarfsins, útskýrir að Hjálparstarfið hafi um langt árabil aðstoðað foreldra sem eiga börn á þessum tímamótum sem upphaf skólagöngu er. Sérstök haustsöfnun í tilefni þess að skólastarf er að hefjast kom til árið 2017, en fram til þess tíma hafi Hjálparstarfið notið stuðnings fjölda aðila við að létta undir með foreldrum skólabarna.

Vilborg segir að mikilvægt skref hafi náðst þegar sveitarfélögin samþykktu að bjóða öllum nemendum gjaldfrjáls skólagögn. Það breyti myndinni þó ekki nema að takmörkuðu leyti fyrir þá sem verst standa, þó aðgerðin hafi vissulega verið til bóta. Nú telur Vilborg að stíga megi næsta skref sem er ekki síður mikilvægt, en fagnar því um leið að fríar skólamáltíðir eru staðreynd sem hluti af aðgerðum yfirvalda til að liðka fyrir kjarasamningum.



Öll börn þurfa að hafa vissa hluti hjá sér þegar skólastarf hefst. Afar mikilvægt er að öll börn standi jafnfætis jafnöldrum sínum á þessum mikilvæga tíma í lífi okkar allra.

„Nú þarf að klára málið með því að öll börn og ungmenni fái að stunda sinn skóla án þess að fjölskyldur þeirra þurfi að bera af því kostnað,“ segir Vilborg og vísar til þess að fjölskyldur 16 til 18 ára barna bera kostnað sem réttmætt má telja að væri greiddur eins og í tilfelli yngri barna. Sérstaklega er þetta mikilvægt þar sem þessi aldurshópur krefst ýmiss kostnaðar sem fellur ekki til hjá fyrr á ævinni og öll eru þau ekki svo heppin að komast í uppgrip í sumarvinnu. Þá er brottfall úr skóla áhyggjuefni sem mikið er rætt og aðgerð sem þessi getur unnið gegn því að ungmenni flosni upp úr skóla, að mati Vilborgar og vísar til reynslu sinnar í viðtölum við fjölskyldufólk í störfum sínum sem félagsráðgjafi um langt árabíl.

Um 300 börn fengu aðstoð í fyrra

Þegar grunnskólinn var að byrja haustið 2022 leituðu 160 fjölskyldur með yfir 300 börn til Hjálparstarfsins. Aldrei hafa jafn margir sótt um aðstoð til Hjálparstarfsins vegna skólabyrjunar en til samanburðar sótti 81 fjölskylda yfir 200 barna um sambærilega aðstoð haustið 2021. Aðstæður haustið 2022 voru sérstakar vegna stríðsins sem þá var nýhafið í Úkraínu og flóttamenn þaðan þurftu stuðning. Það vekur því athygli að þrátt fyrir að aðstæður hafi verið sérstakar 2022 þá voru börnin sem fengu aðstoð í fyrrahaust litlu færri.

” Stundum þarf svo lítið til. Áföll sem í margra augum eru smávægileg geta haft alvarlegar afleiðingar á þessum viðkvæma tíma í lífi hvers barns. Þess vegna er afar mikilvægt að lágmarka hættuna á því að börnin sjái skólann í neikvæðu ljósi í upphafi skólagöngu. Það getur haft mikil áhrif síðar á ævinni.

„Það er hópur einstaklinga sem á ekki fyrir skólatösku, útifötum og öðru slíku sem þarf þegar skólinn er að byrja. Þetta sjáum við skýrt en aðsókn eftir aðstoð til að kosta tómstundir barna og unglinga hefur líka verið að aukast og fyrir því liggja ýmsar ástæður. Þegar haustið kemur þá eru allir búnir með frístundastyrkinn sinn. Þá gerist það oft að krakkar hætta í íþrótt- eða tómstundastarfi, allt þar til það kemur nýr frístundastyrkur. Þess vegna erum við að safna fjármagni til að hjálpa fólki til að greiða haustgjöldin,“ segir Vilborg sem gaf dæmi í útvarpsviðtali á Rúv í fyrrahaust en komið hefur fram að í tilfellum meira en þúsund barna í Reykjavík er frístundakort þeirra nýtt til að greiða fyrir Frístundaheimili og í tilfelli 150 barna er frístundastyrkur þeirra notaður til að greiða fyrir íslenskukennslu.

Krakkar heltast úr lestinni

„Það sem ég er að sjá er að börnin byrja í janúar í íþrótt- eða tómstundastarfi en um leið og það fara að koma keppnisferðir þá heltast krakkarnir úr lestinni – segja að þetta sé ömurlegt að vera t.d. í fótbolta og nota það sem afsökun fyrir því að hætta, í stað þess að segja að það séu ekki til peningar á heimilinu og þau komist ekki með. Ég veit að það eru félög sem eru með félagslega styrki en kynna það ekki nægilega vel fyrir foreldrum, sem mörgum finnst erfitt að fara þess á leit að fá slíka styrki eða niðurfellingu á gjöldum. Svo eru það sumarferðirnar. Það kom til mín faðir með fjögur börn; þrjú í fótbolta og einn í handbolta. Hann spurði: „Hvernig á ég að fara að þessu. Einn er að fara til Svíþjóðar, einn norður á Akureyri og sá þriðji til Vestmannaeyja. Ég þarf að taka lán fyrir þessu. Kostnaðurinn hleypur á hundruðum þúsunda.“





Mikilvægt er að tryggja að börn og ungmenni flosni ekki upp úr skóla vegna fjárhagslegrar stöðu fjölskyldunnar.

Vilborg segir að frístund barna eigi að vera gjaldfrjáls, enda hluti af skólafarinu. Aðstoð við heimanám og slíkt í frístundinni. Þetta sé bara hluti af því að vera í skóla.

„Varðandi frístundastyrkinn – það eru mjög margir foreldrar sem nýta hann til að greiða fyrir frístundina í skólanum. Þeim börnum stendur því ekki til boða að taka þátt í íþrótt- eða tómstundastarfi, tónlistarskóla eða dansi eftir skólatíma, þegar búið er að nota styrkinn í frístundina. Ég hef reynt að koma því á framfæri hvernig ég sé þetta. Það er að börn á Íslandi fái eina tómstund að eigin vali fría. Þá er ég að tala um æfingagjöldin, það sem kostar að fara í ferðirnar og annað. Velji foreldrar að börnin fái fleiri en eina tómstund þá borga þau það úr eigin vasa. Þetta er lýðheilsu- og forvarnamál og myndi jafna stöðu barna til mikilla muna.“

Vilborg sagðist telja eðlilegt að ríkið ætti að koma að verkefninu með sveitarfélögunum. Íþróttafélögin ættu líka að hætta að merkja íþróttaföt með nöfnum barnanna, svo hægt sé að endurnýta þau.

„Á hverju vori, hausti og janúar ættu íþróttafélögin að vera með skiptimarkað. Börnin geta svo vel klæðst notuðum fötum og ef fyrirtæki vilja selja auglýsingar þá má koma því svo við að hægt sé að taka auglýsingarnar af og setja nýjar í þeirra stað. Við þurfum að hugsa þetta heildstætt því þetta er orðið það dýrt að mörg börn sitja eftir og geta ekki tekið þátt. Við viljum ekki að sum börn þurfi að standa á hliðarlínunni og þurfi að beita fyrir sig afsökunum til að útskýra af hverju þau taka ekki þátt.“

Vilborg segir erfitt að meta hvort frekari aukning verði á umsóknum þetta haustið. Ekkert bendi þó til annars en að þörfin sé mikil enda sé ár liðið þar sem efnahagsástandið hafi lítið lagast og húsnæðiskostnaður heimilanna er viðvarandi vandamál. Draga megi þá ályktun að mörg fjölskyldan kvíði haustinu.

Börn mega ekki einangrast

Markmið Hjálparstarfsins með sérstakri aðstoð í skóla- byrjun ár hvert er að börn einangrist ekki vegna bágs efnahags fjölskyldunnar. Þekkt er að börn sem búa við fátækt eru útsett fyrir félagslegri einangrun sem getur valdið þeim sársauka og haft langvarandi félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar.

„Ef þú ert ekki með skólatöskuna og það sem þú þarft í skólann getur það valdið barni hugarangri. Það er afar mikilvægt fyrir barn að geta mætt í skólann jafnfætis skólasystkinum sínum. Svona smáatriði geta endað með því að vera kornið sem fyllir mælinn og niðurstaðan er skólaforðun – að barnið vill ekki fara í skólann og foreldrar þess láta undan þeim þrýstingi. Þetta getur síðar valdið barninu miklum vandræðum og það flosnar upp úr skólafarfi og á aldrei afturkvæmt. Niðurstaðan er félagsleg einangrun og oft vítahringur fátæktar,“ segir Vilborg.


„Stundum þarf svo lítið til. Áföll sem í margra augum eru smávægileg geta haft alvarlegar afleiðingar á þessum viðkvæma tíma í lífi hvers barns. Þess vegna er afar mikilvægt að lágmarka hættuna á því að börnin sjái skólann í neikvæðu ljósi í upphafi skólagöngu. Það getur haft mikil áhrif síðar á ævinni,“ segir Vilborg.

” Við viljum ekki að sum börn þurfi að standa á hliðarlínunni og þurfi að beita fyrir sig afsökunum til að útskýra af hverju þau taka ekki þátt.



Vin í eyðimörkinni

„Ég get eiginlega ekki lýst því hvað Skjólíð er búið að gera fyrir mig, þarna öðlaðist ég von á ný og í október sl. fór ég aftur á Vog og Vík og er búin að fá aftur inni á áfangaheimili. En ég fer ennþá oft í Skjólíð, sit með starfskonunum og þrjóna - edrú.“



Skjólíð – opið hús fyrir konur sem búa við heimilisleysi, opnaði dyr sínar fyrst snemma árs 2021. Síðan þá hafa konur, margar hverjar í nær vonlausri stöðu í sínu einkalífi, fundið þar vin í eyðimörkinni, þó aðeins sé það dagpart í senn.

Konurnar sem heimsækja Skjólíð koma úr öllum áttum. Margar kalla Ísland heimaland sitt. Aðrar koma lengra að. Óþarfi er að greina aðstæður þeirra sérstaklega – í grunninn eru þær allar á líkum stað og þurfa aðstoð. Skjól. Flestar þeirra kvenna sem koma í Skjólíð, fara aftur án þess að skilja eftir sig varanleg ummerki, nema ef væri í hugum þeirra sem tilheyra Skjólínu á einn eða annan hátt. Við hin sem erum svo lánsöm að búa við öryggi getum aldrei sett okkur í spor þeirra sem eiga hvergi höfði að halla.

Það eru því aðeins konurnar sjálfar sem geta lýst því hvaða þýðingu Skjólíð hefur. Hér til hægri er bréf sem barst til umsjónarkonu Skjólins í vetur. Nafn bréfitara má liggja á milli hluta en það er birt hér til hægri með fullu samþykki hennar.

Góðan dag,

Frá janúar til aprílmánaðar 2023 var ég á áfangaheimili eftir áfengismeðferð á Vogu og Vík. Ég datt því miður í það undir lok aprílmánaðar og missti þá herbergið. Við tóku mjög erfiðir mánuðir í mínu lífi þar sem ég var á hálfgerðum vergangi með allt dótið mitt í bílnum mínum. Ég var í risherbergi í Hafnarfirði, innréttuðum bílskúr í Vesturbænum, í koju á hosteli og undir lokin leigði ég íbúð á Laugaveginum. Þessa sumarmánuði var ég að reyna að vera edrú en það gekk svona upp og ofan, edrúdagarnir voru þó fleiri en drykkjudagarnir.

Það sóttu oft að mér myrkar hugsanir þessa mánuði og vonarglætan var ekki mikil. Ég var komin í algjört öngstræti.

En þá frétti ég af Skjólínu - athvarfi fyrir heimilislausar konur. Ég var hálf efins þegar ég fór þangað í fyrsta skipti, vissi ekki á hverju ég átti von.

En þarna fann ég - ja, hvað skal ég segja - dásamlegan friðarstað hér í borginni. Vin í eyðimörkinni.

Þarna tóku á móti mér starfskonur sem eru hver annarri yndislegri. Aðstaðan öll er í einu orði sagt frábær, hægt að fara í sturtu, fara í tölvu, þvo þvott og borða góðan hádegismat.

Ég get eiginlega ekki lýst því hvað Skjólíð er búið að gera fyrir mig, þarna öðlaðist ég von á ný og í október sl. fór ég aftur á Vog og Vík og er búin að fá aftur inni á áfangaheimili. En ég fer ennþá oft í Skjólíð, sit með starfskonunum og þrjóna - edrú.

Fyrir rúmri viku síðan gerðist það að ég var í Skjólínu og var búin að líða illa í nokkra daga. Þær Rósa, Hrefna og Hrönn hvöttu mig að leita til læknis en ég þrjóskaðist við, hélt að þetta myndi lagast af sjálfu sér. En þær sáu að það var eitthvað mikið að og hringdu á sjúkrahúsið. Ég er þess fullviss að þær björguðu lífi mínu þennan dag.

Ég var í mjög krítísku ástandi við komuna á spítalann og var þar í tvo sólarhringa þar til búið var að koma jafnvægi á bæði blóðsykur og blóðþrýsting sem var hættulega lágur við komuna á bráðamóttökuna.

Ég hef oftast verið edrú í Skjólínu en einhverja daga því miður drukkin. Ég dáist að þeirri nærgætni, þolinmæði og ástúð sem starfskonurnar sýna konunum sem koma í Skjólíð í slæmu ástandi. Ég get ekki ímyndað mér hvar þessar konur væru staddar án Skjólíðsins, þarna er hreinlega verið að bjarga mannlífum að mínu mati.

Ég vildi bara senda þessar línur og þakka fyrir allt sem hefur verið gert fyrir mig í Skjólínu. Þessi starfsemi þarf að fá að lifa áfram.

Með einlægri þakkarkveðju,
R.

„Allt er gott því
nú eigum við
fallegt hús“



Jane ásamt elstu sonum sínum, sem báðir ætla sér að verða smiðir eftir að hafa fylgst með smíði nýja hússins þeirra.

Jane Birungi er búsett í þorpinu Baale í sveitarfélaginu Rakai, ekki fjarri borginni Lyantonde í suðvesturhluta Úganda. Jane er 38 ára gömul og býr með börnum og barnabörnum sínum – en af þeim fimm sækja þrjú þeirra skóla. Hún er einstæð og HIV smituð.

Jane missti eiginmann sinn fyrir mörgum árum úr alnæmi og tilvera fjölskyldunnar hefur verið afar erfið síðan. Áður en hún fékk hús afhent frá Hjálparstarfinu bjó fjölskyldan við ömurlegar aðstæður í hripleku hreisi. Engin salernisaðstaða var þar aðgengileg frekar en nokkuð annað sem telst til lágmarks þæginda.

Suma daga er enginn matur

Þá og nú getur fjölskyldan leyft sér að borða eina til tvær máltíðir á dag – en það koma líka dagar þar sem enginn matur er á borðum þeirra. Skólaganga barnanna er stopul þar sem Jane hefur ekki getað greitt skólagjöld og skólagögn – en þetta virðist eiga við um flestar fjölskyldur á svæðinu sem eru í líkri stöðu og hún. Jane hefur enga fasta innkomu sem veldur tímabundnum og langvarandi erfiðleikum við að kaupa nauðsynjar; mat, greiða fyrir skólagöngu, fatnað og fleira. Hún fær af og

til ihlaupavinnu en vegna veikinda er hún ófær um fasta vinnu sem kemur niður á öllu daglegu lífi fjölskyldunnar.

Fjórar geitur

Í síðustu vettvangsferð Hjálparstarfsins til Úganda gafst tækifæri til að heimsækja Jane og börnin hennar þar sem þau hafa komið sér vel fyrir í nýja húsinu. Húsið er staðsett í ægifagurri sveit með útsýni yfir stöðuvötn og gróðursælar hæðir og dali. Jane tók hópnum fagnandi og sýndi okkur stolt hvaða breytingar hafa orðið á högum fjölskyldunnar. Eftir innlit í nýja húsið leiddi Jane hópinn í haga þar rétt hjá þar sem fjórar geitur voru á beit, en ásamt húsinu fékk hún á sama tíma þrjár geitur til að byggja undir afkomu sína. Nú eru geiturnar orðnar fjórar og kiðlingar væntanlegir, sem til stendur að selja á markaði. Eins liggur svín í stíu sinni við svínslega iðju, en Jane áskotnaðist einmitt þann verðmæta grip í skiptum á grís fyrir kiðlinga.



Tvö af barnabörnum Jane sem hún annast. Maisstönglar eru þurrkaðir í sólinni en maisgrautur er borðaður í öll mál.

„Við fáum eina máltíð á dag og það er alltaf maisgrautur. Mais fæ ég með því að borga fyrir heimild til að tína hann á jörð nágretta minna. Við borðum ekkert kjöt, grænmeti eða annað nema kannski í eitt skipti á ári,“ segir Jane sem bætir við að hennar draumur sé að eignast smá landskika til viðbótar við þá spildu sem hún þegar á, en er of lítil fyrir nokkra alvöru ræktun. Í sveitinni hennar eru nefnilega möguleikar til að hafa það ágætt en þeir takmarkast við eign á jarðnæði.

„En það er samt allt gott. Allt er gott því nú eigum við fallett hús. Engar spurningar,“ segir Jane þegar innt er eftir því hvort hana vanti eitthvað sérstakt. Hún segist fá lyf ókeypis frá ríkinu og þau eru sótt fyrir hana til bæjarins ef þarf.

„Svo hafa elstu synir mínir öðlast draum um að verða smiðir. Þeir fylgdust með því þegar húsið okkar var byggt og þeir eru ákveðnir í að feta í spor mannanna sem byggðu húsið,“ segir Jane.



HLÝJA
TANNLÆKNASTOFA

3.056 gjafir runnu úr geymslum Hjálparstarfsins fyrir jólin 2023 til mörg hundruð barna?

1.735 fjölskyldur fengu aðstoð frá Hjálparstarfinu fyrir síðustu jólf?

Fólk af **62** þjóðernum leitaði til Hjálparstarfsins og fékk aðstoð á síðasta starfsári?

113.000 einstaklingar hafa frá árinu 1994 sótt um og fengið aðstoð hjá Hjálparstarfinu.

Rúmlega **400** indversk börn átti Hjálparstarfið þátt í að leysa úr skuldaánauð á árunum 1988 til 2014 og kostaði til viðbótar þúsundir barna í skóla. Foreldrar svokallaðra þrælubarna veðsetja börn sín fyrir lánunum sem tekin eru til að draga fram lífið eða uppfylla skyldur s.s. að greiða fyrir útför eða minningarathöfn ættingja. Börn í þessari stöðu skipta milljónum á Indlandi og tilheyra „hinum stéttlausu.“

60 lönd í fimm heimsálfum hafa til þessa, í lengri eða skemmri tíma, verið starfssvæði Hjálparstarfs kirkjunnar frá stofnun þess árið 1970.

9.400 börn á Íslandi töldust undir lágtekjumörkum árið 2020 og 47.795 einstaklingar alls undir þeim sömu mörkum.



VERKSÝN

Vel og vandlega





Takele og Tiruset þurftu að flýja heimili sitt ásamt börnunum þremur; dætrunum Yitayish sem er tvítug og Rediet sem er sex ára auk Tamirat, ellefu ára gömlum gutta.

Vöknuðu upp í brennandi húsi

Takele Melesse og eiginkona hans Tiruset bjuggu ásamt þremur börnum sínum, þeim Yitayish sem er tvítug, dótturinni Rediet sem er sex ára og Tamirat 11 ára gutta, í Adami Tulu, litlum bæ í Oromia fylki, 168 kílómetrum suður frá Addis Ababa, höfuðborg Eþíópíu. Fjölskyldan lifði einföldu lífi og hafði nautgriparækt sem lífsviðurværi en höfðu sem aukagetu tekjur af bjór og víni sem Tiruset bruggaði og seldi. En þeirra einfalda og hamingjuríka líf breyttist eina örlagaríka nótt þegar kveikt var í húsinu þeirra á meðan þau sváfu.

„Þetta var martröð. Allir öskruðu af hræðslu og börnin grétu skelfingu lostin. Dýrin okkar voru líka inni. Það er erfitt að rifja þetta upp – og erfitt til að tala um“, segir Takele spurður um atburði hinnar örlagaríku nætur fyrir nokkrum árum síðan. Hann bætir við að börnin hafi aldrei náð sér að fullu eftir atburðina. Sonur hans Tamerat vaknar ennþá um nætur grátandi og kallar eftir hjálp.

Enginn veit til þessa dags hver framdi ódæðið en á stóru svæði í Eþíópíu, þar á meðal á því svæði sem var heimili þeirra, hefur geysað miskunnarlaust stríð þar sem engin skýr víglína er dregin. Ættflokkaerjur í bland við stríð heilla landsvæða og ríkishersins hafa víða í Eþíópíu, og þar á meðal á starfssvæðum Hjálparstarfsins, oft gert daglegt líf almennra borgara svo gott sem óbærilegt.

Sárnar mest að sjá börnin þjást

Það má líkja því við kraftaverk að Takele og fjölskylda hans hafi lifað árásina af, en eftir að hafa misst heimili sitt, bústofn og aðrar eigur, voru þau nauðbeygð til að flýja til Debre Berhane, borgar miðsvæðis í Eþíópíu í Amhara fylki um 120 kílómetra norðvestur af höfuðborginni Addis Ababa. Þar er sæmilega friðsælt en fjölskyldan kom þangað allslaus að kalla. Lengi eftir komuna þangað þurfti fjölskyldan að reiða sig á matar- og fatagjafir frá vandalausum. Takele hefur reynt allt sem í hans valdi stendur til að fá vinnu.

Allar hans tilraunir hafa reynst árangurslausar og því hafa þau alfarið þurft að treysta á neyðaraðstoð til að draga fram lífið.

„Ég reyndi að finna vinnu til að framfleyta fjölskyldunni og ekki síst til að borga leigu. Það hefur reynst afar erfitt þar sem leiguverð hækkar stöðugt vegna þess hversu margir í sömu stöðu og við hafa komið til bæjarins. Við höfum ítrekað misst okkar húsnæði þar sem við höfum ekki getað mætt hækkandi leiguverði. Undanfarin misseri hafa á hverjum tíma rúmlega 30.000 manns verið skráðir flóttamenn í borginni. Eina sem ég hafði efni á var kofi í úthverfi þar sem við höfum enga aðgang að vatni, salerni eða öðrum nauðsynjum,“ segir Takele.

„Mér sárnar þó mest að börnin mín þjást og komast ekki í skóla eða til læknis vegna minnar stöðu,“ bætir hann við og tiltekur að kaup á nauðsynlegum skólagögnum hafi einfaldlega þurft að víkja þar sem leiga og matarkaup gangi fyrir. Draumur fjölskyldunnar til lengri tíma litið er að fá aðstoð við að stofna lítið fyrirtæki sem gæfi nægilega mikið af sér til að lifa áhyggjulausu lífi.

„Ég gæti þá séð fyrir okkur og konan mín gæti byrjað aftur að búa til drykki og selja þá. Þannig getum við raðað saman brotunum í lífi okkar og verið áhyggjulaus,“ segir Takele að lokum.



Fjölskyldan hefur í raun misst aleigu sína og er að öllu leyti upp á neyðaraðstoð hjálparsamtaka komin.

Aldrei upplifað verra ástand

„Ég er fæddur og uppalinn í Kartúm. Hér hafa margoft brotist út átök en við höfum aldrei séð neitt sem er í líkingu við þetta stríð. Þetta eru hörðustu átök sem við höfum séð á þessu svæði,“ segir Ibrahim Ali Adem, 66 ára súdanskur fjölskylduafaðir sem ásamt öllu sínu fólki flúði síharðnandi átök stríðandi fylkinga í Súdan.

Ibrahim, eiginkona hans Zewa Nure, tvö uppkomin börn þeirra og 95 ára gömul móðir Ibrahim, töldu sér ekki vært í heimaborg sinni um miðjan maí en þá var öll þjónusta sem nafni tjáir að nefna fallin niður og bardagar innan borgarinnar hörðnuðu dag frá degi. Þau lögðu af stað frá Kartúm til Egyptalands. Eftir tveggja daga ferðalag náðu þau til súdanska bæjarins Halfa sem er rétt við egypsku landamærin og dvöldu þar í mánuð á meðan þau biðu leyfis til að fara yfir landamærin – leyfis sem aldrei var gefið.

„Enginn gat hjálpað okkur“

Óumflýjanlegt var fyrir fjölskylduna að rífa sig upp og leita skjóls annars staðar en í Egyptalandi. Stefnan var því tekin á landamæri Súdan og Eþíópíu, hvar þúsundir hafa safnast saman síðan átökin hófust með það að markmiði að komast til nágrannaríkisins.

Ibrahim rifjar upp hversu erfitt ferðalagið frá Halfa var, ekki síst vegna þess að móðir hans í hárrí elli var veikburða og ófær um að ráðast gangandi í þessa ferð.

„Við vorum öll veikburða og í áfalli yfir stöðu okkar. Við vorum matarlaus. Áttum ekki fót til skiptanna og því síður peninga til að kaupa nauðsynjar. Ég bað ferðafélaga okkar um aðstoð við að halda á móður minni þar sem hún var örmagna. Enginn gat hjálpað okkur,“ segir Ibrahim en fjölskyldan náði loksins til bæjarins Metema í Amharafylki í Eþíópíu sem liggur nærri landamærum landsins við Súdan, en þaðan er aðeins um einn og hálfur kílómetri til súdanska bæjarins Gallabar. Þar hverfist mannlífið um lítið annað en fólkið sem flýr borgarastyrjöldina. Súdanir eru margir í þeim hópi en þangað koma einnig Eþíópar sem nú snúa heim á flótta undan stríðsvélunum – en höfðu áður flúið af sömu ástæðum þegar stríðsherrar bárust á banaspjótum í heimalandinu Eþíópíu, sem nú, þó öfugsnúið sé, er þeirra eina skjól.

Kumer flóttamannabúðirnar í Eþíópíu eru nú samastaður Ibrahim og fjölskyldu hans ásamt þúsundum annarra flóttamanna. Búðirnar voru settar upp um miðjan júní í fyrri eða stuttu áður en fjölskyldan kom þangað. Þar hafast við hátt um tíu þúsund flóttamenn en fjölmargir aðrir dvelja þar og biða þess að vera vísað annað. Í Kumer flóttamannabúðunum er skortur á öllu sem nafni tjáir að nefna, að því er Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) hefur greint frá.

Þröngur kostur í flóttamannabúðum

Alþjóðlegt hjálparstarf kirkna, ACT Alliance, sem samhæfir aðgerðir kirkjutengdra hjálparstofnana um heim allan, sendu í júní 2023 út neyðarbeiðni til aðildarsamtaka um fjármagn til hjálparstarfs í Súdan og í nágrennaríkjum, þar með talið í Eþíópíu. Hjálparstarf kirkjunnar sendi í því ljósi 16,5 milljónir króna til Hjálparstarfs Lútherska

heimssambandsins í Eþíópíu sem aðstoðar flóttafólk frá Súdan. Áætlað er að veita 18.000 manns aðstoð, meðal annars með matargjöfum, reiðufé og bættu aðgengi að vatni og hreinlætisaðstöðu. Sérstaklega verður hugað að því að vernda konur og börn sem eru útsett fyrir ofbeldi sem flóttafólk.

Framlagi Hjálparstarfsins er einmitt varið til uppbyggingar í Kumer flóttamannabúðunum þar sem Ibrahim og fjölskylda hans dvelur nú. Það hefur ekki gengið vandræðalaust að koma einstökum verkefnum á koppinn og fyrir því liggja ýmsar ástæður.

Samstarfsaðilar Hjálparstarfsins einbeita sér nú að því að koma á fót hreinlætisaðstöðu fyrir þær þúsundir sem þar hafast við. Vart þarf að itreka mikilvægi þessa en ýmsir sjúkdómargetanádþólfestu þar sem hreinlæti er ábótavant. Fjárhagslegur stuðningur er jafnframt nauðsynlegur.

Áður en stríðið braust út unnu Ibrahim og fjölskylda hans fyrir sér með smákaupmennsku. Þau höfðu efni á helstu nauðsynjum án stuðnings en líf þeirra hefur nú gjörbreyst. Fjölskyldan er að öllu leyti öðrum háð.

Ekkert öryggi

„Lífið í Kumer flóttamannabúðunum er afar erfitt,“ segir Ibrahim. „Hér er öryggið ekkert, fólki er rænt, við fáum ekki nægan mat eða hreint vatn auk þess sem hreinlæti er mjög ábótavant. Hér er heldur engin heilsugæsla og allir eiga við fjárhagsvanda að stríða. Það er erfitt að kaupa nauðsynjar því allt sem við þurfum er rándýrt. Ef ekki væri fyrir fjárhagsaðstoð frá hjálparsamtökum þá myndum við líða algjöran skort, og útilokað að kaupa mat og lífsnauðsynleg lyf.“

Milljónir á vergangi

Hörð átök milli súdanska stjórnarhersins (SAF) og sveita uppreisnarhersins Rapid Support Forces (RSF) hafa nú varað í Súdan í á annað ár. Átökin eiga rætur sínar að rekja til valdabaráttu tveggja hershöfðingja sem stóðu sameiginlega að valdaráni í landinu árið 2019 þegar fyrrverandi forseta landsins var steipt af stóli en hann hafði þá setið í embætti í tæpa þrjá áratugi. Herstjórn hershöfðingjanna tveggja tók við en spennan þeirra á milli hafði farið stigvaxandi þar sem þeir deildu um innleiðingu nýs stjórnarfars í landinu og aðlögun RSF sveitanna að stjórnarhernum.

Frá því átökin hófust þann 15. apríl 2023 er talið að hátt í 20.000 hafi fallið í átökunum og tugir þúsunda hafi særst. Þó skal tekið fram að tala fallinna og særðra er mjög reiki. Vitað er til að rúmlega sjö milljónir íbúa hafi neyðst til að yfirgefa heimkynni sín og eru á vergangi innan landamæra Súdan en 2,1 milljónir manna hafa flúið til nágrennaríkja; Mið-Afríkulýðveldisins, Chad, Egyptalands, Suður-Súdan og Eþíópíu. Allt þetta fólk er í brýnni þörf fyrir aðstoð hvort sem það hefst að hjá ættingjum innanlands eða í yfirfullum flóttamannabúðum í nágrennaríkjum. Hér þarf að hafa hugfast að áður en átökin hófust voru þrjár milljónir Súdana flóttamenn í eigin landi vegna átaka í landinu á fyrri tíð.

Pökkum stuðninginn!

Aðalskoðun hf.
Aftak Ehf.
Akurgerði stables ehf.
Alcoa Fjarðaál Sf
Alhliða Pípulagnir Sf.
Allraverk ehf
Alvarr ehf
Analytica ehf
Arctic aSport ehf
Argos ehf
Asian market ehf.
Atlantsflug ehf
Ást og bygg ehf.
Bak Höfn ehf
Bakkagerði ehf.
Barkasuða Guðmundar Ehf
Baugsbót ehf
Bba Fjeldco Ehf.
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéð ehf.
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf
Birtingaholt
Birtingur ehf
Bílahleðslan ehf.
Bílasmiðurinn hf
Bjölfell ehf
BK ehf
Blikkrás ehf
Blikksmiðjan Vík ehf
Bókhaldsstofa Haraldar slf.
Bókhaldsstofan Stemma ehf
Bókhaldsþjónusta Kom Ehf.
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf.
Brauðhúsið ehf
Breiðagerðisskóli
Brostu tannlæknastofa
Bruggsmiðjan Kaldi ehf.
Brunahönnun slf
Brunnlok ehf
Bútur ehf
Byggingarfélag Gylfa Og Gunnars hf
Codexnova lögmansstofa
CrankWheel ehf.
Dmm Lausnir Ehf
Domus Mentis geðheilsustöð ehf.
Donna ehf. - Ferno Norden á Íslandi
Dynkur ehf
Dýralæknirinn Á Breiðdalsvík
Dögun ehf
Eðalflutningar ehf
Efnalaug Suðurlands ehf
Egill Árnason Ehf
Eignaumsjón hf
Eining-löja
Eldhestar ehf
el-X ehf
Endurhæfingarstöðin ehf
Engilbert Óh Snorrason
Tannlæknastofa Sf
Enor ehf
Eskja Holding ehf.
Essei ehf
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
Eyrir Invest Hf.
Ferðaþjónustan Húsafelli ehf.
Félag Opinberra Starfsm Austurl
Fidesta ehf.
Finnur ehf.
Fisk-Seafood Ehf.
Fjarðargrjót ehf
Fjarðaveitingar ehf
Fjölbautaskóli Norðurlands vestra
Flúðasveppir ehf.
Framtal sf.
Fylgifyskar ehf.
G.Ben Útgerðarfélag ehf
Geir ehf útgerð
Geislatækni Ehf, Laserþjónustan
Gesthús Selfossi ehf
Gjögur Hf.
Gott Á.R Misty ehf
GP - arkitektar ehf
Gróðrarstöðin Ártangi ehf
GS1 Ísland ehf.
GTG endurskoðun ehf.
Guðmundur Arason Ehf.
Guðmundur Búason
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Hámundarson ehf
Hafnarfjarðarhöfn
Hafnarsókn
Hagtak hf.
Halldór Ólafsson úr og skartg.
Hampiðjan hf.
Handverkstæðið Ásgarður
Hans-verk ehf
Happdrætti Háskóla Íslands
Hársnyrtistofan Nina ehf
Hátak ehf.
Henson Sports Europe á Ísl ehf
Hestar og ferðir, Hvammur 2 ehf.
Héraðsbókasafn Rangæinga
Héraðsprent
Hið Íslenska Bókmenntafélag
Hitastýring hf
Hljá ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hrafnhildur Sigurðardóttir ehf
Húsasmiðurinn ehf
Hvalfjarðarsveit
Hvítasunnukirkjan á Akureyri
Ingi Hópferðir ehf
Inter ehf.
Internet á Íslandi hf
Ison ehf
Ísblik ehf.
Ísfélag Vestmannaeyja Ehf
Íslandslyftur ehf.
Íslensk Erfðagreining ehf.
Íslenskt sjávarfang ehf
Íslenskur Textíliðnaður Hf. (Ístex)
Ís-spor ehf
J.G.K. TECh ehf
Jeppasmiðjan Ice.inn ehf.
Jógasetrið ehf
K.Steinarnsson ehf
K.Þ. Verktakar ehf
Karl & Carl ehf (Dill Restaurant)
Kaskó ehf bókhaldsstofa
Kaupfélag Vestur-Húnavetninga (svf.)
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf.
Kofar og hús ehf
Kollgáta ehf
Krossborg ehf
Krua Siam
Lagnalist ehf
Lagnavit ehf.
Landssamband Lögreglumanna
Landsvirkjun
Launafl ehf.
Lausnaverk ehf
Laxnes ehf
Leanbody ehf.
Lindin, Kristilegt Útvarp
Límtré Vírnet ehf.
Ljósco ehf
Loftmyndir ehf.
Lögmannafélag Íslands
Maggi & Daði Málarar ehf
MariConnect ehf
Markus Lifenet Ehf
Marorka ehf.
Matbær ehf.
MD Vélar ehf
Miðás ehf.
Mjólkursamsalan ehf.
Mosfellsbakarí ehf.
Múr- og málningarpjónustan Höfn ehf
Mörk ehf, Gróðrarstöð
Neshamar ehf
Nobex ehf
Nýbyggð ehf
Nýi Tónlistarskólinn
Nýlagnir ehf
Onno ehf
Orka ehf
Orkubú Vestfjarða Ohf.

Vissir þú...

... að á árabílinu 1972 til 1975 bauð Hjálparstarfið rúmlega 80 börnum og unglíngum frá Norður-Írlandi í sumarbúðir á Íslandi? Þeim var boðið hingað til að hvílast frá átökum heima fyrir en þá ríkti skálmöld í landinu sem stóð yfir í þrjátíu ár eða frá 1968 til 1998.



Ottó B. Arnar ehf.

Ósal ehf

Óskirnar þrjár ehf (Skýrslur og skil)

Pálmar ehf

Perroy ehf.

PFAFF hf.

Prentverk Selfoss ehf.

Primex ehf.

PROevents ehf

Púst hjá Einari ehf.

PV-pípulagnir ehf

R.H.Gröfur Ehf

Rafboði ehf

Rafmiðlun hf.

Rafsel Búðardal ehf

Raftákn Ehf.

Rafverk Ag ehf

Ragnhildur Hjaltadóttir

Ramis ehf

Ráðhús ehf

Regla ehf

Reykhóll Ehf

Reyktal Þjónusta ehf.

Riding tours South Iceland

Rikki Chan ehf

Rima Apótek ehf

Rósaberg ehf

S.Guðmundsson Ehf

Samvinnufélag Útgerðarmanna Neskaupstað

Samvirkni ehf

Saumsprettan ehf

Sáning ehf.

Segull ehf.

Sendibílar Reykjavíkur ehf.

Set ehf.

Sérsteypan ehf.

Sign ehf

Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

Síldarvinnslan hf

Skerpa Renniverkstæði Ehf

Skólamatur Ehf

Skólar Ehf

Smith & Norland hf.

Spektra ehf.

Stansverk ehf

Stálkrókur ehf.

Stjarnan ehf.

Stóru-Laugar ehf

Sunnugisting ehf

Sveitarfélagið Múlaþing

Sveitarfélagið Ölfus

Sæblik ehf.

Sörlatunga ehf

Tannlæknafélag Íslands

Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar

Tannlæknastofa EG ehf.

Tannval ehf.

Tannþing ehf

Tekk húsgagnaverslun ehf.

THG Arkitektar ehf.

Tónastöðin ehf

Tríg ehf.

Túnþökuþjónustan ehf

Ullarverslunin Þingborg ehf.

Urðarapótek ehf.

Útfararþjónustan Fylgd ehf

Útfarastofa Kirkjugarðanna

Útgerðarfélagið Guðmundur ehf

Úthafsskip ehf

Úti Og Inni Arkitektar

Útskálasókn

Vagnar Og Þjónusta ehf

Verkfærasalan ehf.

Verkmenntaskóli Austurlands

Verksýn ehf

Verktækni Ehf

Verslunin Álfheimar ehf

Vestri ehf.

Vesturfurðir ehf

Vélfang Ehf.

Vélsmiðja Sandgerðis ehf

Vélsmiðjan Sveinn ehf

Vélvík ehf

Vgh-Mosfellsbæ ehf.

Vietlce-jhk ehf.

Vignir G. Jónsson Ehf.

Vilhjálmsson Sf

Vík ehf útgerð

Vínbúðin ÁTVR

Vk Verkfræðistofa ehf.

VPS Verkfræðiþjónustan sf.

VP ehf.

Vörukaup ehf, heildverslun

Þorsteinn ehf

Þór hf.

Þvegillinn ehf

Ævintýradalurinn Ehf

Öryggisgirðingar ehf

 Landsvirkjun

 Reynsla - Umbygging - Trúast

 inter.



 regla
BÓKHALDSKERFI

 FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIÐA

 Brostu
Tannlæknastofa

 Gesthus
Selfoss

 isnic

 GA
SMÍDAJÁRN

Gjöf sem gefur

Gjöf sem gefur



Framtíðarsjóður

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs tryggir þú ungmenni á Íslandi til náms.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi. Ungmennir sem búa við efnislegan framhaldsskólastigi.

Stuðningurinn gerir þeim kleift að ljúka námi til stúdentsprófs, sveinsprófs eða annars sem veitir þeim starfsréttindi eða opnar þeim leið til háskólanáms. Ungu fólkid fær aðstoð við að kaupa námsgögn, greiða skólagjöld eða annað sem gæti orðið efnaminni nemendum hindrun í að ljúka námi.



Gjöf sem gefur



Vatn

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs tryggir þú fjölskyldu sem býr við sára fátækt ekki bara vatn heldur líka tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Eþíópíu. Vatnsskortur, landdrot og eyðimerkurmyndun einkenna landsvæðid sem fjölskyldan býr á í Sómalíykí.

Með brunni eða vatnspró fyrir regnvatn er aðgengi að heilnæmu vatni aukid svo um munar og þá verður heilsan betri. Þegar fjölskyldan getur brynt dýrunum og veitt vatni á reaktarland eykur hún fæðuþryggi sitt og smám saman verður lífsafkoman betri.

Gjöf sem gefur



Húsaskjól

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni þak yfir höfuðid og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr alnæmi stuðnings svo þau fái lífað mannsæmandi lífi.

Nýtt múrsteinshús gefur ekki bara skjól, það gefur stolt, bjartsýni og von um að nú verði allt auðveldara og betra. Húsið er murtuðað og skordyr verpa ekki í holun í veggjum eins og í mólarkofalimum. Af báljárspakinu má safna vatni sem dugar langt inn í þurkatímann í stað þess að það streymi inn í gisinn kofann. Smám saman verður lífsafkoman betri.



Gjöf sem gefur



Geit

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni næringarríka fæðu og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr alnæmi stuðnings svo þau fái lífað mannsæmandi lífi.

Fjölskylda sem á geitastofn nýtur virðingar í samfélaginu. Suma kíðlinga má selja á markaði, aðra má nota til að stækka bústofninn enn frekar og svo er hægt að borða kjötid og nýta skinnid. Smám saman verður lífsafkoman betri.

